

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 226/2023

frá 22. september 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/648 frá 20. mars 2023 um leyfi fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/267 frá 8. febrúar 2023 um leyfi til að setja á markað þurrkaðar hnetur af tegundinni *Canarium ovatum* Engl. sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470):

„– **32023 R 0267**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/267 frá 8. febrúar 2023 (Stjtið. ESB L 39, 9.2.2023, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 81, 21.3.2023, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 39, 9.2.2023, bls. 1.

2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 225. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/667):

„226. **32023 R 0267**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/267 frá 8. febrúar 2023 um leyfi til að setja á markað þurrkaðar hnetur af tegundinni *Canarium ovatum* Engl. sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 39, 9.2.2023, bls. 1).

227. **32023 R 0648**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/648 frá 20. mars 2023 um leyfi fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu (Stjtið. ESB L 81, 21.3.2023, bls. 8).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/267 og reglugerðar (ESB) 2023/648, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.